

Tillaga

Viðtakandi: Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Efni: Tillaga um þátttöku Mosfellsbæjar í þróunarverkefni Álafosskvosar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn

Dags: 2. febrúar 2024

Málsnúmer: 202402041/17.20

Sendandi: Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, Skrifstofustjóri

Tillaga:

Lagt er til að atvinnu- og nýsköpunarnefnd samþykki þátttöku Mosfellsbæjar í þróunarverkefni um greiningu á möguleikum Álafosskvosar sem áfangastað fyrir ferðamenn í samvinnu við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Greinargerð:

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins ses. var stofnuð 3. apríl 2023. Stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Markaðsstofan er vettvangur til að markaðssetja og þróa áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið í heild og ná þannig betri árangri. Með stofnun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins er stigið mikilvægt skref í að tryggja samræmdar aðgerðir sem tengjast ferðaþjónustu á sviði markaðsmála og þróun áfangastaða á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Samhliða stofnun Markaðsstofunnar var gefin út áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2023-2026. Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á. Í því plaggi skilgreindi Mosfellsbær fimm verkefni:

- Verkefni 1: Friðlýst svæði við Álafoss – styrking palls
- Verkefni 2: Friðlýst svæði við Álafoss – bætt aðgengi
- Verkefni 3: Sundaðstaða við Hafravatn
- Verkefni 4: Fólkvangur í Bringum Mosfellsdal
- Verkefni 5: Útivistarsvæði við Hamrahlíð við Úlfarsfell

Álafosskvosin

Álafosskvosin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er samofin sögu og menningu Mosfellsbæjar. Í dag er svæðið miðstöð handverks og hefur fjölbreyttur hópur listafólks aðstöðu á svæðinu. Kvosin er umkringd falletgri náttúru; Varmá, Álafoss, Reykjalundarskógur og Stekkjarflöt. Álafosskvosin hefur þannig góðar tengingar við falletgar gönguleiðir í átt að Hlégarði og miðbæ Mosfellsbæjar í gegnum Stekkjarflöt og til austurs í gegnum Reykjalundarskóg.

Álafosskvosin er skilgreindur sem áfangastaður í Áfangastaðaáætlun Höfuðborgarsvæðisins sbr. verkefni 1 og 2. Í gegnum tíðina hefur Álafosskvosin verið vinsæll viðkomustaður ferðafólks og hefur aðdráttaraflið verið Álafossinn, stór ullarverslun auk þess sem þar var rekið kaffihús um árabíl sem hefur verið lokað.

Þróunarverkefni

Eitt af verkefnum Markaðsstofunnar er að þróa nýja áfangastaði á höfuðborgarsvæðinu. Markaðsstofan hefur lýst sig tilbúna til að fara í þróunarverkefni með Mosfellsbæ á áfangastaðnum Álafosskvos.

Lagt er til að stofnaður verði verkefnahópur þar sem Markaðsstofan tilnefnir 1-2 fulltrúa, Mosfellsbær tilnefnir 1-2 fulltrúa auk þess sem ráðgjafi verður fenginn að verkefninu og mun Markaðsstofan standa straum af þeim kostnaði. Áætlað er að vinna verkefnahópsins hefjist í mars og verði lokið í júní. Markmið hópsins og vinnunnar er að skoða möguleika Álafosskvosar sem áfangastað fyrir ferðamenn. Áhersla verður lögð á jákvæð áhrif fyrir samfélagið í Mosfellsbæ sem og íbúa Álafosskvosar, jákvæða og eftirminnilega upplifun ferðamanna, fagmennsku og gæði, öryggi og sjálfbærni. Lykilatriði í vinnunni er samtal við hagaðila.

Verkefnaskref vinnunnar:

1. Stöðumat
2. Greining
3. Framtíðarsýn
4. Aðgerðaáætlun
5. Innleiðing

Verkefnið fellur vel að verkefnum Mosfellsbæjar í Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins. Auk styður verkefnið við Atvinnustefnu Mosfellsbæjar 2023-2030. Annars vegar stefnuáhersluna aukið vægi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar í Mosfellsbæ þar sem ein aðgerða er: „greina og meta tækifæri til að byggja upp ferðaþjónustu í kringum menningarstarfsemi bæjarins, heilsueflingu og nálægð við náttúru“. Hins vegar stefnuáhersla stuðningur við skapandi greinar og menningarstarfsemi þar sem ein aðgerðin er: „Skilgreina uppbyggingu atvinnu og menningar í Álafosskvos í samvinnu við íbúasamtök Álafosskvosar og aðra hagsmunaaðila“.

*Virðingarfyllst,
Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir*